# Brunavarnir Austur-Húnvetninga

## Ársreikningur 2015

Brunavarnir Austur-Húnvetninga
Norðurlandsvegi 2
540 Blönduós

kt. 590293-2619

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Brunavarnir Austur-Húnvetninga sjá um brunavarnir fyrir Austur-Húnvetninga. Aðilar að samlaginu eru sveitarfélögin Blönduósbær og Húnavatnshreppur. Á árinu starfaði að meðaltali einn starfsmaður hjá félaginu og námu launagreiðslur 7,2 millj. kr. Að auki greiddi félagið 1,6 millj. kr. í launatengd gjöld. Ársverk á árinu var eitt.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2015 að fjárhæð 2,0 millj. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok nam 9,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Brunavarna Austur-Húnvetninga hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2015 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Blönduósi, 2016.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Brunavarna Austur-Húnvetninga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Brunavarna Austur-Húnvetninga fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningur Brunavarna Austur-Húnvetninga gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**
Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Blönduósi, 2016.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur árið 2015

| | Skýr. | 2015 | Áætlun |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Seld þjónusta | | 234.108 | 0 |
| Aðrar tekjur | | 130.383 | 400.000 |
| | | 364.491 | 400.000 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 8.789.632 | 7.847.000 |
| Rekstur fasteigna | | 628.874 | 941.000 |
| Rekstur bifreiða | | 869.074 | 1.590.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 4.062.203 | 5.545.000 |
| | | 14.349.783 | 15.923.000 |
| **Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | ( 13.985.292) | ( 15.523.000) |
| Vaxtatekjur | | 22.441 | 0 |
| Vaxtagjöld | | ( 78.380) | 0 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | | ( 55.939) | 0 |
| Tap án framlags aðildarsveitarfélaga | | ( 14.041.231) | ( 15.523.000) |
| Framlög aðildarsveitarfélaga | | 16.000.000 | 16.000.000 |
| **Hagnaður ársins** | 6 | 1.958.769 | 477.000 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 212.000 | 212.000 |
| Fastafjármunir samtals | | 212.000 | 212.000 |
| | | | |
| Kröfur á tengda aðila | | 7.906.749 | 5.722.804 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 901.664 | 878.353 |
| Handbært fé | | 292.062 | 639.066 |
| Veltufjármunir samtals | | 9.100.475 | 7.240.223 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 9.312.475 | 7.452.223 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 8.989.498 | 7.030.729 |
| Eigið fé samtals | 6 | 8.989.498 | 7.030.729 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 322.977 | 421.494 |
| Skuldir samtals | | 322.977 | 421.494 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 9.312.475 | 7.452.223 |
| | | | |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | 5 | | |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2015

| | Skýr. | 2015 | Áætlun |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | 6 | 1.958.769 | 477.000 |
| Veltufé frá rekstri | | 1.958.769 | 477.000 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 2.305.773) | 0 |
| Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri | | ( 347.004) | 477.000 |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 347.004) | 477.000 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 639.066 | 639.066 |
| **Handbært fé í árslok** | | 292.062 | 1.116.066 |

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðildarsveitarfélög Brunavarna Austur-Húnvetninga bera ábyrgð á rekstri og skuldbindingum félagsins.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. *Innlausn tekna*

Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrrareikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

### b. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími bifreiðar er 7 ár.

### c. *Handbært fé*

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 3. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | **2015** | **Áætlun** |
|---|---|---|
| Laun ........................................ | 7.210.293 | 6.367.000 |
| Launatengd gjöld ........................................ | 1.579.339 | 1.480.000 |
| Laun og launatengd gjöld samtals ........................................ | 8.789.632 | 7.847.000 |
| Fjöldi ársverka ........................................ | 1 | |

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | **Bifreið** |
|---|---|
| Heildarverð 1.1.2015 ........................................ | 2.120.000 |
| Afskrifað samtals ........................................ | ( 1.908.000) |
| Bókfært verð 31.12.2015 ........................................ | 212.000 |
| Afskriftahlutföll ........................................ | 15% |

## 5. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu Brunavarna Austur-Húnvetninga eru bifreiðar og fasteign sem ekki eru færðar í efnahagsreikning félagsins. Eignirnar voru fjármagnaðar af aðildarsveitarfélögunum og eru færðar í efnahagsreikning þeirra samkvæmt eignarhlutdeild á þeim tíma. Eignir utan efnhagsreiknings greinast þannig:

| Bifreiðar: | Árgerð | Kaupverð |
|---|---|---|
| Ford SD-945 ........................................ | 1992 | 7.113.186 |
| Man GS-530 ........................................ | 1982 | 3.222.888 |
| | | 10.336.074 |

Fasteign:

Slökkvistöð er að Norðurlandsvegi 2, Blönduósi. Í árslok nam vátryggingaverð fasteignar 32,2 millj. kr., fasteignamat 7,9 millj. kr. og fasteignamat lóðar 3,7 millj. kr.

## 6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2015 | 7.030.729 |
| Hagnaður ársins | 1.958.769 |
| Eigið fé 31.12.2015 | 8.989.498 |

## 12. Tengdir aðilar

Aðildarsveitarfélögin eru skilgreind sem tengdir aðilar, sem og aðal- og varamenn í samlagsstjórn auk æðstu stjórnenda. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Brunavarnir hafa átt viðskipti við tenda aðila á árinu. Viðskipti samlagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ávkörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.